

Stjórnarfundur Kolviðar

Haldinn 17. apríl 2020 að Þórunnartúni 6

Mætt: Jónatan Garðarsson og Brynjólfur Jónsson á skrifstofu, Rósbjörg Jónsdóttir, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson og Reynir Kristinsson í fjarfundarbúnaði. Ragnildur Freysteinsdóttir (ritari) á skrifstofu.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið var yfir helstu umræðuefni síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.
2. **Uppgjör 2019.** Ekki komið frá KPMG. Reynir sendir til stjórnar um leið og það liggur fyrir.
3. **Samningar við Skógræktina.**
 - Skrifað var undir samning um uppsetningu gagnagrunns fyrir Kolvið hjá Skógræktinni. Uppsetning gagnagrunnsins kostar kr. 462.000 og er grunnurinn sérsniðinn að Kolviði.
 - Undirritaður var samningur um úttekt á Geitasandi upp á rúmlega 1 milljón króna. Nokkuð var rætt um verðlagningu á úttektum en miðað við núverandi tölur gæti hann numið 10-15% af heildarkostnaði. Fyrir vottun í framtíðinni þarf úttektir. Til að gera úttektir hagstæðari er miðað við stærri svæði og miða við röð gróðursetninga – svæði sem er allt gróðursett innan 5 ára telst t.d. eitt úttektarsvæði. Rætt var um hvort fækka mætti úttektum í heildina – Brynjólfur taldi að þrjár úttektir ættu að vera nóg, sérstaklega í ljósi kostnaðar við þær. Skoða þarf kostnaðarliði við úttektir upp á hvort hægt sé að draga úr kostnaði við einhverja liði.
 - Rannsókn á Mosfellsheiði fer í gang um leið og frost fer úr jörðu.
4. **Markaðsmál.** Um 30% viðskiptavina Kolviðar tengdir ferðapjónustu. Fyrirsjáanlegur er samdráttur í umsvifum hjá Kolvið og mikilvægt að endurskoða áætlanir í ljósi aðstæðna. Jón Ásgeir og Reynir drógu úr plöntukaupum fyrir árið 2021 – áætlað er að kaupa 180 þúsund plöntur næsta vor og sjá til með haustið (þarf ekki að ákveða með það fyrir en í haust). Hlutfall tegunda er skv. staðaltré, mögulega ívið hærra af birki. Á eftir að koma endanleg staðfesting á skiptingu, Reynir sendir upplýsingar um það til stjórnar um leið og það liggur fyrir. Búið er að senda fyrirtækjum reikning í ár og verður fylgst vel með innheimtu.
5. **Gróðursetningar 2020 og ræktunarlönd.** Fyrirhugaðar eru gróðursetningar á fjórum svæðum:
 - Húsavík, unnið af Skógræktarfélagi Húsavíkur, 1,5 milljón kr. Landasamningur í ferli.
 - Reykholt, unnið af Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, 2,7 milljónir kr. Samningar eru að klárast. Reynir aðeins rætt við félagið um að fá Gísli Einarsson til að fjalla um gróðursetningu í Landanum.
 - Geitasandur, unnið af Skógræktarfélagi Rangæinga (og mögulega Skógræktarfélagi Íslands), 7,5 milljónir kr.
 - Úfljótuvatn, Skógræktarfélag Íslands, 7,5 milljónir kr.
 - Einingaverð hærra í Reykholti en á Geitasandi þar sem auðveldara er að gróðursetja þar.
 - Gróðursetningar undanfarin ár hafa verið gerðar að hluta af erlendum sjálfboðaliðum hjá Skógræktarfélagi Íslands. Áttu að koma í byrjun maí, en eins og staðan er nú er ekki hægt að gera ráð fyrir þeim fyrr en í fyrsta lagi um miðjan maí. Skógræktarfélag Íslands í viðræðum við Vinnumálastofnun um átaksverkefni – kemur mögulega vinnuafli þaðan.

6. **Vottun.** Reynir hefur verið í viðræðum við vottunarstofuna Tún. Mikilvægast fyrir Kolvið að hafa verkferla sem allir eru sammála um að séu í lagi og fá svo úttekt á framkvæmd, sbr. ISO-vottun. Tún er að skoða málið.
7. **Molta.** Reynir og Jón Ásgeir áttu fjarfund við Terra til að ræða notkun moltu í tengslum við gróðursetningu á rýrt land. Miðað við verðlagningu á flutningum (95.000 kr. hlassið, þarf 8 hlöss á hektarann) myndi það ekki ganga fjárhagslega upp fyrir Geitasand – flutningskostnaður hærri en verð fyrir gróðursetningu. Hugsanlega væri hægt að nota moltu á Þorlákshafnarsandi (styttri leið og þar með ódýrari flutningur), en almennt virðist notkun moltu ekki hagstæð miðað við verð fyrir tilbúinn áburð.
8. **Önnur mál.**
 - Upplýsingar frá Landvernd. Ekkert hefur gengið að fá Votlendissjóð til viðræðna um samstarf.

Fundi slitið kl. 12:50.

Fundargerð: Ragnhildur Freysteinsdóttir